

## **SRE fjármögnun 2**

# **Árshlutareikningur 30. júní 2016**

SRE fjármögnun 2  
Borgartúni 19  
105 Reykjavík  
Kt. 540312-0520

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Könnunaráritun óháðra endurskoðenda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Yfirlit um breytingar á hreinni eign .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Yfirlit yfir eignir .....	8
Yfirlit yfir fjárfestingar .....	9
Stærstu eignir .....	10
Samanburðir .....	11
Útgefin skuldabréf .....	12
Skýringar .....	13

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Árshlutareikningur sjóðsins SRE fjármögnun 2 er hluti af B-hluta árshlutareiknings Stefnis hf. sem inniheldur árshlutareikning verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestastjóða rekstrarfélagsins. Hann er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Enginn hagnaður varð af rekstri sjóðsins á tímabilinu samkvæmt rekstrarreikningi. Hrein eign sjóðsins í júnílok 2016 nam einni milljón króna samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn og framkvæmdastjóri Stefnis hf. staðfesta hér með árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið janúar - júní 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. ágúst 2016.

Í stjórn félagsins:

Steinn Rüdolfsson  
Johann L. Alþann  
Páll Gunnarsson  
Ragnheiður Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Eðni Hauðimann

# Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

## Til stjórnar og eigenda hlutdeildarskírteina í SRE fjármögnun 2

Við höfum kannað meðfylgjandi árs hlutareikning SRE fjármögnun 2 fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2016. Árs hlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á árs hlutareikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árs hlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árs hlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum. Slik könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum sjóðsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árs hlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu, efnahag hans 30. júní 2016 og breytingu á hreinni eign sjóðsins á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Reykjavík, 31. ágúst 2016.

Deloitte ehf.

  
Páll Grétar Steingrímsson  
endurskoðandi

  
Pétur Hansson  
endurskoðandi

# Rekstrarreikningur janúar - júní 2016

		01.01. - 30.06 2016	01.01. - 30.06 2015
	Skýr.		
<b>Tekjur:</b>	2-5		
Vextir .....		39	39
Verðbætur .....		14	20
	Tekjur samtals	<u>53</u>	<u>59</u>
<b>Gjöld:</b>			
Umsýsluþóknun rekstrarfélags .....	6	0	1
Vextir og verðbætur .....		53	58
	Gjöld samtals	<u>53</u>	<u>59</u>
<b>Hreinar tekjur og (gjöld) .....</b>		0	0
Óinnleystur hagnaður (tap) af fjárfestingum .....		0	0
<b>Afkoma færð á hlutdeildarskírteini .....</b>		<u>0</u>	<u>0</u>

# Yfirlit um breytingar á hreinni eign janúar - júní 2016

	01.01. - 30.06 2016	01.01. - 30.06 2015
Skýr.		
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>		
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini .....	0	0
Hækkun (lækkun) .....	0	0
Hlutdeildarskírteini í ársbyrjun .....	1	1
Hlutdeildarskírteini í lok tímabilsins .....	1	1

# Efnahagsreikningur 30. júní 2016

		30.06.2016	31.12.2015
	<b>Skýr.</b>		
<b>Eignir:</b>			
Framseljanleg verðbréf .....		1.506	1.506
Fjárfestingar samtals	9	<u>1.506</u>	<u>1.506</u>
Aðrar eignir .....	12	0	1
Aðrar eignir samtals		<u>0</u>	<u>1</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>1.506</u>	<u>1.507</u>
<b>Skuldir:</b>			
Hlutdeildarskírteini .....		1	1
Útgefin skuldabréf .....		1.502	1.503
Skuld við rekstrarfélag .....		1	0
Aðrar skuldir .....	13	2	3
Aðrar skuldir samtals		<u>1.505</u>	<u>1.506</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>1.506</u>	<u>1.507</u>
Hlutdeildarskírteini .....		1	1
Fjöldi eininga (í millj. ) .....		0,600	0,600
Gengi sjóðsbréfa í lok tímabils .....		1,66	1,55

## Yfirlit um eignir 30. júní 2016

	Eignir 30.06.2016	Hlutf. %	Eignir 31.12.2015	Hlutf. %	Útgefandi
Önnur framseljanleg verðbréf:					
Lánssamningur við SRE-S10 ehf. ....	1.506	100	1.506	100	SRE-S10 ehf.
<b>Önnur framseljanleg verðbréf, alls .....</b>	<b>1.506</b>	<b>100</b>	<b>1.506</b>	<b>100</b>	
<b>Fjárfestingar alls .....</b>	<b>1.506</b>	<b>100</b>	<b>1.506</b>	<b>100</b>	
Aðrar eignir .....	0	0	1	0	
<b>Eignir alls .....</b>	<b>1.506</b>	<b>100</b>	<b>1.507</b>	<b>100</b>	



# Yfirlit fjárfestinga

## Samanburður við fjárfestingarstefnu:

	Virði	Hlutf. af	Virði	Hlutf. af	Fjárfestingarstefna %	
	30.06.2016	fjárfest. %	31.12.2015	fjárfest. %	Lágmark	Hámark
Lánssamningur við SRE-S10 ehf. ....	1.506	100	1.506	100	0	100
Innlán fjármálafyrirtækja og reiðufé .....					0	100
Heildarverðmæti fjárfestinga .....	1.506	100	1.506	100		

## Flokkun eftir landsvæðum og myntum:

	Virði	Hlutf. af	Virði	Hlutf. af			
					30.06.2016	fjárfest. %	31.12.2015
Ísland .....	ISK	1.506	100	1.506	100		
		1.506	100	1.506	100		

## Yfirlit yfir eignir 30. júní 2016

	<b>Eignir 30.06.2016</b>	<b>Eignir 31.12.2015</b>	<b>Breyting</b>	<b>Hlutfall breytinga af heildareignum</b>
Lánssamningur við SRE-S10 ehf. ....	1.506	1.506	( 1)	( 0,0%)
Stærstu eignir (1) .....	1.506	1.506	( 1)	( 0,0%)
Aðrar eignir .....	0	1	( 0)	( 0,0%)
<b>Heildareignir .....</b>	<b>1.506</b>	<b>1.507</b>	<b>( 1)</b>	<b>( 0,1%)</b>

## Samanburður á hreinni eign, gengi og ávöxtun.

### Hrein eign og gengi:

	30.06.2016	31.12.2015	31.12.2014	31.12.2013
Bókfært verðmæti .....	1	1	1	1
Kaupgengi .....	1,6640	1,5503	1,3480	1,1722

### Ávöxtun:

	01.01.-30.06. 2016	2015	2014	2013
Nafnávöxtun .....	7,33%	15,01%	15,00%	15,00%
Raunávöxtun .....	5,83%	12,76%	13,82%	10,94%

# Útgefin skuldabréf

Sjóðurinn gefur út skuldabréf til að fjármagna fjárfestingar sínar. Bréfin eru færð í bókhaldi sjóðsins á uppreiknuðu virði miðað við neysluverðsvisitölu að viðbættum áföllnum og ógreiddum vöxtum.

Greiðslur af útgefnum skuldabréfum í júnílok 2016:

	Virði
Til greiðslu 2016 .....	30
Til greiðslu 2017 .....	45
Til greiðslu 2018 .....	47
Til greiðslu 2019 .....	49
Til greiðslu 2020 .....	51
Til greiðslu síðar .....	1.281
	<u>1.502</u>

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Starfsemi

Sjóðurinn SRE fjármögnun 2 var stofnaður 15. nóvember 2012. Markmið sjóðsins er að ávaxta þá fjármuni, sem greiddir eru inn í sjóðinn í staðinn fyrir útgefin hlutdeildarskréini með því að gefa út skuldabréf og aðra fjármálagerninga. Eignir sjóðsins munu standa að baki greiðslu skuldbindinga sjóðsins. Sjóðurinn fjárfestir með það að markmiði að tryggja að hann geti mætt greiðslufæði vegna skuldaskjala og skuldbindinga sem sjóðurinn hefur gefið út og lánsamnings sem hann hefur gert.

### 2. Grundvöllur reikningsskila

Árshlutareikningur SRE fjármögnun 2 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Árshlutareikningurinn fyrir sjóðinn er saminn í samræmi við nýjar reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða sem tóku gildi 1. janúar 2016. Hinar nýju reglur hafa hvorki í för með sér breytingar á mati eigna né rekstrarniðurstöðu sjóðsins. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna. Árshlutareikningur sjóðsins er ekki hluti af árshlutareikningi bankans vegna eðlis starfseminnar.

### 3. Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareikninga þurfa stjórnendur í samræmi við lög um ársreikninga að meta og taka ákvarðanir um mikilvæga liði árshlutareikningsins, sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Við matið er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða, sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### 4. Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við neysluverðsvisitölu sem tók gildi í júlíbyrjun 2016. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning viðkomandi sjóðs.

### 5. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti.

### 6. Umsýsluþóknun

Sjóðurinn greiðir Stefni hf. umsýsluþóknun, sem innifelur meðal annars eftirtalinn kostnað við rekstur sjóðsins; laun starfsmanna rekstrarfélagsins, endurskoðun, eftirlitskostnað FME, markaðskostnað og umsýslu. Af þeirri þóknun greiðir Stefni hf. vörsluþóknun til Arion banka hf. Umsýsluþóknunin reiknast sem fast hlutfall 0,15% af meðalstöðu heildareigna sjóðsins (eru þá ekki dregnar skuldbindingar frá eignum sjóðsins).

### 7. Verðbréf með föstum tekjum

#### Lánsamningur

Sjóðurinn fjárfesti í verðtryggðum lánsamningum. Í bókhaldi sjóðsins eru lánsamningarnir uppreiknaðir miðað við neysluverðsvisitölu að viðbættum áföllnum ógreiddum vöxtum.

### 8. Reiðufé

Reiðufé samanstendur af inneignum á bankareikningum ásamt reiknuðum áföllnum vöxtum.

### 9. Aðrar eignir

Til annarra eigna teljast óframkomin og óuppgerð viðskipti. Auk þess færast frávik á mati eigna til lækkunar við gengisútreikning til annarra eigna.

### 10. Aðrar skammtímaskuldir

Til annarra skammtímaskulda telst óuppgerður fjármagnstekjuskattur og óframkomin og óuppgerð viðskipti. Auk þess færast frávik á mati eigna til lækkunar við gengisútreikning til annarra skulda.

## Skýringar, frh.:

---

### 11. Skattamál

Fagfjárfestasjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum teljast til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.